

## 88. ársþing UMSK – Þinggerð

88. ársþing UMSK var haldið fimmtudaginn 9. febrúar 2012 kl. 18.00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

### Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þingsins og fór síðan í hefðbundin þingstörf.

### Kosning þingforseta

Formaður lagði fram tillögu að þingforseta, Ingibjörgu Bergrós Jóhannesdóttur. Tillaga um þingforseta samþykkt.

### Kosning þingritara

Þingforseti tók til starfa og bar fram tillögu um tvo þingritara, Margréti Björnsdóttur og Ester Jónsdóttur.

Tillaga um þingritara samþykkt.

### Kosning kjörbréfanefndar

Þingforseti bar síðan upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, þau Pál Grétarsson, Þórð Guðmundsson, Írisi Ósk Hafþórsdóttur.

Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt.

### Skýrsla stjórnar

Þingforseti kvað þingið rétt boðað eða samkvæmt 4. gr. laga UMSK.

Þingforseti gaf formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar.

Formaður rakti það helsta í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári, helstu viðburði sem sambandið tók þátt í. Valdimar nefndi m.a. að sambandið verður 90 ára á árinu og af því tilefni hefur sagnfræðingur verið ráðinn til að skrifa fyrstu 20 árin af sögu sambandsins Einnig minntist Valdimar á að UMSK er mótshaldari fyrir 2. Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður í Mosfellsbæ í júní. Skýrslan lá prentuð frammi.

Því næst voru endurskoðaðir reikningar lagðir fram. Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK las upp reikningana og útskýrði.

### Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ

Þakkaði hann hlýjar kveðjur frá UMSK vegna 100 ára afmælis ÍSÍ. Hrósaði ársskýrslu og mjög góðan rekstur á svona stóru sambandi sem UMSK er.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ

Þakkaði þessa fallegu skýrslu og niðurstaða reikninga er mjög góð.

Hrósaði stjórn og framkvæmdastjóra UMSK fyrir vel unnin störf.

Talaði um að stærstu viðburðir á þessu ári væru Landsmót 50+ og Unglingalandsmótið

Sagði frá sjóðum UMFÍ sem aðildafélögin geta sótt um styrk í.

*Valdimar Leó afhenti frjálsíþróttabikar UMSK Kára Steini Karlssyni*

*og afhenti honum um leið styrk að upphæð kr. 500.000 til undirbúnings þátttöku hans í Olympíuleikunum í London í sumar.*

Jón M. Ívarsson, söguritari UMSK

Jón hefur verið ráðinn til að rita sögu fyrstu 20 ára UMSK. Jón sagði sögur frá fyrstu árum sambandsins og fór m.a. yfir hve lengi menn hafa setið í stjórn.

### **Álit kjörbréfanefndar**

Páll Grétarsson, formaður kjörbréfanefndar las upp kjörbréf aðildarfélaga. Þrjátíu og átta félög eru aðildarfélög að UMSK og lögðu nítján félög fram kjörbréf samtals áttatíu og sex þingfulltrúar mættir af eitthundrað fjörutíu og fimm sem seturétt hafa á þinginu. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

### **Staðfesting á aðild nýrra félaga**

Valdimar Leó Friðriksson fór yfir umsóknir fjögurra nýrra félaga að sambandinu. Stjórnin hafði samþykkt þau og ÍSÍ samþykkt löginn. Óskað var eftir staðfestingu þingsins.

Félögin eru:

Skautafélagið Fálkar Kópavogi  
Rugbyfélagið Stormur Seltjarnarnesi  
Kraftlyftingafélag Seltjarnarness – Zetorar  
Kraftlyftingafélag Garðabæjar

Þingið staðfesti aðild félaganna.

### **Umræður um skýrslu stjórnar og lagabreytingar**

Guðmundur Tómasson Kili

Hann talaði um að iðkendatal í skýrslunni væri villandi þar munar 182 aðilum. Stjarnan 1900 iðkendur fleiri en félagar. Spurði hvers vegna þetta væri svona. Framkvæmdastjóri svaraði því til að iðkendur gætu verið í fleiri en einni grein.

Þingforseti bar skýrslu stjórnar undir atkvæði.

Hún var samþykkt einróma.

### **Umræðu og atkvæðagreiðsla um reikninga**

Þingforseti opnaði umræður um reikninga UMSK

Einar K. Jónsson kvaddi sér hljóðs og spurði um annan kostnað og aðkeypta þjónustu upp á 844.015 krónur.

Framkvæmdastjóri svaraði og útskýrði að þetta væri kostnaður við ársskýrslu, kostnaður við siðareglur og fræðsluefnið Framtíðin er einnig inni í þessum lið.

Helga Jóhannsdóttir í Aftureldingu kvaddi sér hljóðs og vildi fá að sjá rekstraráætlunina í samanburði við 2011.

Fleiri fundarmenn vildu sjá miklu betri útfærslu á fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Reikningar bornir upp til samþykktar.

Þeir voru samþykktir einróma.

### **Viðurkenningar á 88. ársþingi UMSK:**

Næsti dagskrárliður var afhending viðurkenninga til afreksmanna á sviðum íþrótta- og félagsmála.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður afhenti eftirtaldar viðurkenningar:

Starfsmerki UMSK:

Andrés B. Sigurðsson Stjórnunni  
Gunnar Kr. Sigurðsson Stjórnunni  
Jóhann Ingi Jóhannsson Stjórnunni  
Hannes Árnason Stjórnunni  
Sigrún Dan Róbertsdóttir Stjórnunni  
Einar Páll Tamimi Stjórnunni  
Árni Pétursson Gróttu

Sesselja Järvelä Gróttu  
Sigurður Teitsson Herði  
Halldór Halldórsson Andvara  
Brynjar Júlíus Pétursson HK  
Björg Erlingsdóttir HK  
Guðlaug Þórhallsdóttir HK  
Halldór K. Valdimarsson HK  
Ingibjörg Gunnarsdóttir HK  
Lilja Þórhallsdóttir HK

#### *UMFÍ bikarinn – Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu – Stjarnan*

Árangur meistaraflokks kvenna í knattspyrnu var frábær á árinu. Undir liðsstjórn Gunnhildar Yrsu vann liðið alla leiki sína nema einn í PEPSI-deild kvenna, vann flesta heimaleiki og flesta útileiki, skoraði flest mörk og fékk á sig fæst. Auk þess að vinna Íslandsmeistaratitilinn jafnaði liðið stigamet efstu deildar kvenna og vann 15 leiki í röð sem er fordæmalaust í íslenskri kvinnaknattspyrnu. Liðið vann PEPSI-deild kvenna með níu stiga mun, en fara þarf aftur á síðustu öld til að finna slíka yfirburði.

#### *Fimleikabikar UMSK – Meistaraflokkur kvenna í hópímleikum – Gerpla*

Meistaraflokkur kvenna varð á árinu 2011 Norðurlandameistari í hópímleikum. Gerplustúlkurnar eru því ríkjandi Evrópu og Norðurlandameistarar í greininni. Hópurinn vann öll innlend mót á árinu og eru Íslandsmeistarar í fjölþraut og á öllum áhöldum. Þær eru einnig Bikarmeistarar ásamt því að vinna ýmis smærri mót og nú síðast Reykjavík International Games. Stúlkurnar lentu í erfiðleikum fyrir Norðurlandamótið þar sem mörg meiðsli komu upp í hópnum á skömmum tíma. Sigurinn var því enn sætari fyrir vikið. Kristjana Sæunn Ólafsdóttir ein stúlkanna í liðinu var valin íþróttakona Kópavogs ásamt því að liðið var valið; flokkur ársins á íþróttahátíð bæjarins.

#### *Dansbikarinn UMSK – Sigurður Þór Sigurðsson og Hanna Rún Óladóttir – DÍK*

Sigurður Þór Sigurðsson og Hanna Rún Óladóttir byrjuðu að dansa saman í janúar 2009. Hanna Rún hefur verið að keppa síðan hún var 7 ára og hefur unnið Íslandsmeistaratitil á hverju ári frá 1997 eða 25 Íslandsmeistaratitla fimmtánda árið í röð sem er einstakt hjá Íþróttamanni. Þau hafa bætt sig mikið á milli áruna eins og sjá má á afrekum þeirra. Má t.d. nefna að þau lentu í 16.sæti á Evrópumeistaramótinu í Frakklandi á árinu sem er besti árangur sem Íslendingar hafa náð á þessu móti. Einnig var 4.sætið sem þau náðu í Blackpool í maí besti árangur sem Íslendingar hafa náð til þessa í flokki undir 21. Einnig hafa þau bætt sig mikið ef við skoðum úrslit á HM frá árinu 2010 en þá enduðu þau í 48.sæti en 2011 fengu þau 25.sæti. Þau kláruðu sitt keppnistímabil á árinu með því að hreppa Norður – Evrópumeistaratitilinn með 44 ása af 45 mögulegum. Sigurður og Hanna Rún eru mjög metnaðarfull, þau ætla sér að ná langt í dansinum og gera miklar kröfur til sjálfs síns með miklum æfingum.

#### *Frjálsíþróttabikar UMSK – Kári Steinn Karlsson – Breiðablik*

Árið 2011 reyndist Kára Steini einstaklega farsælt. Hæst ber glæsileg Íslandsmet hans í hálfu Maraboni í Reykjavík og í heilu Marabonhlaupi í Berlín, þar sem hann náði 17. sæti af 40.000 keppendum og náði Ólympíulágmarki með glæsibrag og varð þar með fyrstur íslenskra karla til þess. Kári er nú annar besti Marabonhlaupari á Norðurlöndum. Auk þessa varð Kári á árinu Íslandsmeistari í 5000 m hlaupi og bikarmeistari í 1500 og 5000 m hlaupum. Hann sigraði í öllum götu- og víðavangshlaupum sem hann tók þátt í hér á landi og á nú brautarmet í þeim flestum eða öllum.

Hann hljóp fyrir Íslands hönd í Evrópubikarkeppni í 3000 og 5000 m hlaupum og náði 3. sæti í báðum.

Kári Steinn hefur unnið yfir 20 Íslandsmeistararitla í fullorðinsflokki og á nú 20 unglíngamet og 6 Íslandsmet í langhlaupum. Hefur keppt með landsliðinu síðan 2004 eða frá 18 ára aldri. Kári er einstakur íþróttamaður, duglegur við æfingar, er líttlátur og hógvæer og gefur mikið af sér til félaga sinna. Hann verður glæsilegur fulltrúi Íslands á Ólympíuleikunum í London á sumri komanda.

#### *Sundbikar UMSK - Ingimar Logi Guðlaugsson – Breiðablik*

Ingimar hefur á árinu 2011 sýnt verulega framför og sett 6 Breiðabliksmet. Hann tók þátt í Íslandsmeistaramóti Sundsambands Íslands og var þar í 4. sæti í 200 m baksundi. Að auki synti hann til úrslita í nokkrum öðrum sundum og bætti hann tíma sína í öllum þeim greinum sem hann tók þátt í. Hann náði lágmarkum fyrir norðurlandameistaramót unglínga sem fram fór hér á landi í desember en var ári of ungur til að geta keppt á því móti. Á Stórmóti SH þar sem keppt var í opnum flokki (án aldursskiptingar) var Ingimar í 2. sæti í 400 m fjórsundi og á TYR móti Ægis var hann í 4. sæti í 100 m baksundi og 4. sæti í 100 m skriðsundi. Á haustmóti UMSK var Ingimar stigahæstur allra drengja með 558 FINA stig. Ingimar hefur einstaklega íþróttamannslega framkomu, er sérlega góð fyrirmynd og hvatning fyrir yngri sundmenn.

#### *Afreksbikar UMSK - Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir – Stjarnan*

Gunnhildur Yrsa er fyrirliði meistaraflokks kvenna í knattspyrnu í Stjörnunni. Undir hennar liðsstjórn náði meistaraflokkur kvenna þeim árangri á árinu að vinna fyrsta Íslandsmeistaratitil félagsins í knattspyrnu í meistaraflokki auk þess að vinna Lengjubikar kvenna. Gunnhildur Yrsa var kjörin besti leikmaður keppnistímabilsins 2011 af leikmönnum PEPSI-deildar kvenna og var valin í úrvalslið deildarinnar bæði í fyrri og síðari hluta mótsins. Hún var jafnframt valinn besti leikmaður síðari hluta PEPSI-deildarinnar. Gunnhildur Yrsa lék sinn fyrsta A-landsleik gegn Norður Írum þann 26. október í 0-2 sigri Íslands. Hún er uppalin í Stjörnunni og hefur aldrei leikið með öðru félagi. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir var kjörin íþróttakona Garðabæjar 2011 á Íþróttahátíð bæjarins nú í janúar. Hún hefur mikla keppnisreynslu og það skilar sér til allra í liðinu.

#### *Félagsmálaskjöldur - Jón Finnbogason – Gerpla*

Jón Finnbogason er að mati Gerplufólks mjög skipulagður maður og góður stjórnandi. Hann er gífurlega myndrænn og með myndirnar sínar, excel, gröfin og töflurnar er honum vel lýst. Jón er áhugasamur um allt sem viðkemur Gerplu, hvort heldur er rekstur, þjálfun, skipulagning hópa eða hin ýmsu mál sem upp koma hverju sinni. Jón lætur sig málin varða og lætur verkin tala. Síðast en ekki síst þá skín í gegn að Jón er mikill Gerplumaður, og vill hag þess sem mestan og bestan. Jón hefur verið formaður Gerplu frá árinu 2005 en þar á undan sat hann í stjórn félagsins.

Matarhlé var gert.

Eftir matarhlé var þingi fram haldið.

## Tillögur lagðar fyrir þingið

Tillaga nr. 1

Tillaga frá stjórn UMSK  
Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.  
Albert Valdimarsson flutti tillöguna.

### 88. ársþing UMSK haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 9. febrúar 2012, samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2012

#### Rekstrartekjur:

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	4.000.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	42.000.000
Skattar aðildarfélaga	1.000.000
Getraunir	1.000.000
Aðrar tekjur	800.000

<b>Samtals</b>	48.800.000
Fjármagnstekjur	200.000
<b>Heildartekjur</b>	49.000.000

#### Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	8.800.000
Þing og aðrir fundir	500.000
Lottó til aðildarfélaga	32.000.000
Afreksmannasjóður	3.500.000
Gjafir og viðurkenningar	400.000
Kostn. v/ héraðsmóta	300.000
Unglingalandsmót	500.000
Skólahlaup	300.000
Í landsmótssjóð	500.000
Annar kostnaður	400.000
Afmæli	500.000
<b>Samtals</b>	47.700.000

<b>Hagnaður</b>	1.300.000
-----------------	-----------

Einar K. Jónsson kvað sér hljóðs og vildi fá skýringu á hækkun á skrifstofukostnaði. Gjaldkeri skýrði málið að þar væri inni allur kostnaður við skrifstofuna þ.e. laun og allur annar hefðbundinn kostnaður við rekstur hennar.

Tillaga nr. 2

Tillaga að breytingu á reglugerð UMSK um Lottó - Frá Lottónefnd UMSK.  
Flutningsmaður, Birgir Ari Hilmarsson

### 88. ársþing UMSK haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 9. febrúar 2012, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð UMSK um Lottó:

15 % Renna til sambandsins

85 % Renna til aðildarféлага samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100 %):

- 5 40 % Renna jafnt til félaga með unglingsstarf
- 20 % Er skipt samkvæmt félagatali innan viðkomandi sveitarfélags eftir að úthlutað hefur verið sameiginlega til allra félaga í sveitarfélaginu miðað við íbúafjölda þess. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.
- 65 40 % Er skipt samkvæmt félagatali iðkendatali innan UMSK. Tvöfalt vægi er á félagsmenn iðkendur yngri en 16 ára.
- 10 % Renna í Afreksmannasjóð UMSK
- 20 % Er skipt samkvæmt ákvörðun stjórnar UMSK Er skipt til fjölgreinafélaga, 1 hlutur á deild þó að hámarki 5 hlutar á félag.

### Greinargerð

Á síðasta Ársþingi UMSK var eftirfarandi tillaga samþykkt:

*„87. ársþing UMSK haldið í Versölum Kópavogi 10. febrúar 2011 samþykkir að stofnuð verði nefnd, á vegum UMSK, sem fái það verkefni að endurskoða útreikninga á greiðslum lottótækna til félaga og forsendur þeirra.*

*Nefndin skili álit til ársþings UMSK 2012.“*

Stjórn UMSK skipaði í framhaldinu eftirfarandi í nefnd til að skoða reglugerðina samkvæmt samþykktri tillögu. Nefndin kom saman á allmörgum fundum þar sem reglugerðin var krufin og forsendur hennar. Starf nefndarinnar snérist um að jafna hlut félaga sem mest miðað við umfang íþróttastarfsemi félaganna. Sett voru upp ýmsar hugmyndir að breytingum en þó ákveðið að halda sér við ramma hinnar gömlu reglugerðar eftir því sem best þætti.

#### **Breytingar sem gerðar eru frá fyrir reglugerð:**

- Skipting milli sveitarfélaga sleppt enda hafði sú skipting lítil áhrif á útkomu skiptingar og var frekar til þess fallinn að flækja útreikninga.
- Iðkendatal notað í stað félagatals þar sem það endurspeglar íþróttastarfsemi félaga betur.
- Jafn hlutur til félaga með barna og unglingsstarf er lækkaður úr 10% í 5%.
- Sett er inn í reglurnar hvernig skuli skipta þem hlut sem áður var í höndum stjórnar.

Tillagan sem lögð er fram hér jafnar hlut félaganna verulega sé miðað við upphæð per iðkanda (yngri en 16 taldir tvisvar).

Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna og kvaddi Birgir Ari Hilmarsson, flutningsmaður tillögunnar sér hljóðs. Hann lagði fram tillögu um að tillagan verði felld, þar sem vinna þyrfti betur að þessu máli.

Greidd voru atkvæði um tillögu Birgis Ara Hilmarssonar og lágu úrslit þannig að það voru 41 sem greiddu atkvæði með tillögu Birgis Ara en 15 voru á móti.

Þó nokkrar umræður urðu um nefndina.

Páll Grétarsson kvaddi sér hljóðs og sagði að stjórn nefndarinnar ætti að segja af sér. Eiríkur Guðjónsson frá Álftanesi kvaddi sér hljóðs og talaði um að nefndin ætti ekki að fá áframhaldandi umboð.

Einar K. Jónsson kvaddi sér hljóðs og vildi fella stjórn nefndarinnar, flutningsmaður hafi hvatt til þess að fella tillöguna til þess eins að nefndin fái umboð til að starfa í eitt ári í viðbót.

Þingforseti lagði til að fundurinn kysi um það hvort nefndin fái umboð til þess að starfa í eitt ár í viðbót.

Greidd voru atkvæði um þá tillögu og lágu úrslit þannig að það voru 21 sem greiddu atkvæði með því að nefndin haldi áfram störfum í eitt ár en 21 geiddu atkvæði á móti og fellur því atkvæðagreiðslan á jöfnum atkvæðum.

Gert var 20 mínútna fundarhlé til þess að stjórn UMSK gæti rætt málin.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður lagði fram tillögu stjórnar UMSK varðandi málið. Vísað til stjórnar að skipa 7 manna nefnd til að endurskoða Lottóreglugerð UMSK. Nefndin skal skila af sér í janúar 2013.

Opnað var fyrir umræður varðandi þessa tillögu.

Birgir Ari Hilmarsson kvaddi sér hljóðs varðandi tillöguna og gerði breytingartillögu við tillögu stjórnar UMSK.

Breytingartillagan hljóðar svo: „Gerir tillögu um að tímamörk verði í september.“

Helga Jóhannsdóttir í Aftureldingu kvaddi sér hljóðs og spurði hvers vegna hugmynd að stærri nefnd. Ef verið er að fjölga í nefndinni þá gerir hún tillögu um fjölmennari nefnd eða 9 manna nefnd.

Breytingartillaga Birgis Ara Hilmarssonar var nú borin upp. Breytingartillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga nr. 3

Tillaga að breytingu á Reglugerð um Afreksmannasjóð - Frá stjórn UMSK  
Flutningsmaður, Ester Jónsdóttir

## **88. ársþing UMSK haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 9. febrúar 2012, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Afreksmannasjóð UMSK**

### **Úthlutunarreglur:**

1. Þátttaka í viðurkenndum Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum og Olympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi).
2. **(Ný grein) - Þátttaka þjálfara í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima. Sjóðsstjórn ákveður fjölda styrkja sem í boði eru hvert ár og skulu þeir auglýstir sérstaklega.**
3. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvalshóp til þátttöku í Olympíu-, Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts.
4. Almenn skal miða við að styrkupp hæð sé 20% af flugfargjaldi eða lágmarksupphæð sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.
5. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda.
6. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.
7. Umsók um styrk skal hafa borist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.
8. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annarri úthlutun.
9. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til afreksmanns og afrekshóps ársins.

### **Greinargerð**

Á hverju ári berast til Afreksmannasjóðs umsóknir um styrk frá þjálfurum aðildarfélaganna sem eru að leita sér aukinnar menntunar í útlöndum. Samkvæmt reglugerð sjóðsins, þá er ekki heimilt að styrkja slíkar umsóknir. Með þessari breytingu á reglugerðinni verður það heimilt. Flestir geta verið sammála um að betur menntaðir þjálfara auka líkur á að þjálfunin skili okkur fleiri afreksmönnum og því réttlætandi að Afreksmannasjóður styrki slíkt.

Tillagan borin upp og samþykkt með þorra atkvæða en 3 voru á móti.

Tillaga nr. 4

Tillaga um að skattur aðildarfélaganna til UMSK haldist óbreyttur - Frá stjórn UMSK  
Flutningsmaður, Ester Jónsdóttir

**88. ársþing UMSK haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 9. febrúar 2012, samþykkir að skattur aðildarfélaganna til UMSK haldist óbreyttur þ.e. 30 kr. á hvern félagsmann 16 ára og eldri.**

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 5

Hvatning til aðildarfélaganna UMSK um þátttöku í 2. Landsmóti UMFÍ50+ í Mosfellsbæ og Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi - Frá stjórn UMSK  
Flutningsmaður Ester Jónsdóttir

**88. ársþing UMSK haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 9. febrúar 2012, hvetur aðildarfélög UMSK til þátttöku í 2. Landsmóti UMFÍ 50+ í Mosfellsbæ og Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi.**

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

## Önnur mál

### 1. Stjórn afrekssjóðsins kosin

Þeir sem kosnir voru: Andri Sigfússon Gróttu, Auður Þorsteinsdóttir Gerplu, Sigurður Bjarnason Stjórnumni, Guðmundur Sigurbergsson Breiðabliki.

### 2. Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri 50+ mótsins

Landsmót 50+verður haldið í sumar í Mosfellsbæ.

Sigurður sýndi myndband frá Landsmóti 50+ sem haldið var á Hvammstanga sumarið 2011.

Bætt hefur verið við greinum frá því á Hvammstanga.

Gera þetta meira að heilsuhátíð. Allir geta tekið þátt óháð félögum.

Þarna verða heilsufarsmælingar, fræðsla um hollustu og um heilbrigðan lífsstíl.

Hann hvatti félög endilega til að stofna 50+ nefndir í sveitarfélögum.

Frítt verður á alla viðburði tengda mótinu.

Borgað aðeins eitt gjald óháð keppnisfjölda eða greinafjölda.

Mótið verður haldið 8-10. júní 2012.

### 3. Þorsteinn Ragnarsson frá Gusti kvaddi sér hljóðs.

Talaði hann um hvað hægt væri að gera varðandi ósamræmið í iðkenda fjölda á milli félaga.

Hann taldi réttast að greiða ákveðinn skatt, t.d. 1500 kr. á félagi. Hér í UMSK eru það 30 krónur á hvern félagi. Hann ræddi um iðkenda fjölda t.d. í Gerplu. Gera kröfur til að svona skrár séu sem réttastar. Þess vegna þarf skatturinn til UMSK að vera miklu hærri.

4. **Eiríkur Guðjónsson kvaddi sér hljóðs.** Hann gerði athugasemd við störf þingforseta varðandi uppnefningar á fundarmönnum.

### 5. Valdimar Leó Friðriksson, formaður kvaddi sér hljóðs.

Hann sagði þinginu frá því að gullmerkishafinn Ingvi Guðmundsson Stjórnumni hafi látist í fyrra. Hann var einn af stofnendum Stjórnumnar.

Valdimar Leó bað þingheim um að minnast hans með því að rísa úr sætum sínum.



## Kosningar

Kosið var um formann til eins árs:

Í kjöri er Valdimar Leó Friðriksson Afturelding og var hann kosinn einróma. Skoðast hann því rétt kjörinn formaður UMSK til eins árs.

Þá var kosið um stjórnarmenn til tveggja ára. Í kjöri voru Ester Jónsdóttir Breiðabliki og Albert Valdimarsson HK og voru þau kosin einróma. Skoðast þau því rétt kjörin til næstu tveggja ára.

Áfram sitja þau Margrét Björnsdóttir frá Ými og Einar Jóhannsson frá Nesklúbbnum

Þá var kosið í varastjórn sambandsins. Í kjöri voru Alda Kolbrún Helgadóttir Breiðabliki, Halldór Valdimarsson HK og Svanur M Gestsson Aftureldingu og voru þau kjörin einróma. Skoðast þau því rétt kjörin í varastjórn UMSK.

Þar næst voru skoðunarmenn reikninga kosnir. Í kjöri voru þeir Hafsteinn Pálsson Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson Álftanesi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir skoðunarmenn.

Skoðunarmaður til vara var kosinn Logi Kristjánsson frá Breiðabliki og var hann kjörinn einróma.

Nýkjörinn formaður, Valdimar Leó Friðriksson sleit þinginu formlega með kærum þökkum fyrir gott þing og minnti á og hvatti til mætinga á Landsmótin þ.e Unglingalandsmótið og Landsmót 50+ í Mosfellsbæ. Valdimar minntist sérstaklega á heilsuáttak á Landsmótinu í Mosfellsbæ þar sem fjöldi fyrirtækja mun koma að með kynningar fyrir gesti og keppendur. Varðandi félagatalið þá er það á ábyrgð félaganna sem skrásetja inn í Felix. Iðkendatalið er miklu réttara.

Réttmæt ábending að hækka skattinn úr 30 krónum.

90 ára afmæli UMSK verður 19. nóvember nk. og er ætlunin að vera með afmælishóf.

Samþykkt var að fela stjórn að finna fulltrúa á ÍSÍ þing.

Þingi slitið kl. 21.05

Þingritarar,

Margrét Björnsdóttir ritari UMSK og Ester Jónsdóttir UMSK